

Mannauðsstefna

Mannauðsstefna Landbúnaðarháskóla Íslands

Markmið og hlutverk

Markmið mannauðsstefnu Landbúnaðarháskóla Íslands er að laða að hæft starfsfólk og gera eftirsóknarvert að vinna við háskólann. Mannauðsstefnan kappkostar að byggja upp trausta liðsheild þar sem áhersla er lögð á að skapa og miðla þekkingu með framsækni og fagmennsku að leiðarljósi.

Leiðarstefin eru eftirfarandi:

- Að tryggja gott upplýsingaflæði innan háskólans og stuðla að því að meðal starfsmanna ríki gagnkvæmt traust og gott samstarf.
- Að leitast við að efla frumkvæði, metnað, jákvætt hugarfar og að starfsfólk sýni ábyrgð í starfi.
- Að byggja upp gott starfsumhverfi sem styður við velliðan og þróun í starfi.
- Að jafnréttissjónarmið séu ávallt höfð að leiðarljósi með það að markmiði að tryggja öllum jöfn tækifæri.
- Að starfsmenn viðhaldi þekkingu sinni og miðli henni áfram.

Upplýsingamiðlun

Með markvissri upplýsingamiðlun og uppbyggilegri endurgjöf er traust og gagnkvæm virðing efl. Starfsmannafundir eru haldnir reglulega til að tryggja góða miðlun upplýsinga. Á vefsíðu skólans, á samfélagsmiðlum, í gæðahandbók og á UGLU geta starfsmenn nálgast ýmsar upplýsingar og fróðleik sem snerta starfsemi háskólans, auk þess sem fréttapóstur eru sendir reglulega til starfsmanna, nemenda og annara hagaðila.

Liðsheild

Áhersla er lögð á að byggja upp liðsheild innan háskólans og skapa vettvang fyrir starfsfólk til að kynnst. Starfsmenn eru hvattir til þess að ástunda og rækta góð samskipti sín á milli til að efla góðan starfsanda. Stjórnendur og starfsmenn bera sameiginlega ábyrgð á að styrkja liðsheild Landbúnaðarháskóla Íslands.

Starfsumhverfi

Gott starfsumhverfi dregur úr álagi og streitu og eykur almenna starfsánægju. Starfsumhverfið skal einkennast af sveigjanleika og jafnvægi vinnu og einkalífs. Starfsmenn eru hvattir til þess að stunda heilbriggt líf og huga að eigin velferð sem og samstarfsmanna. Landbúnaðarháskólinn tryggir heildstæða vinnuvernd fyrir starfsmenn. Mötuneyti Landbúnaðarháskólans skulu bjóða upp á hollan og fjölbreyttan mat. Einelti og kynferðisleg áreitni er ekki liðin og bera starfsmenn sameiginlega ábyrgð á að tilkynna hverskyns áreitni sem þeir verða vitni að.

Launamál

Leggja skal áherslu á að veita starfsmönnum sanngjörn launakjör og starfsskilyrði. Ákvarðanir sem snerta launaröðun séu sveigjanlegar, málefnalegar og gagnsæjar. Þær skulu teknar með tilliti til hæfni, ábyrgðar, frammistöðu og frumkvæðis í starfi. Til að tryggja slíkt samræmi skal ávallt liggja fyrir starfslýsing fyrir öll störf. Landbúnaðarháskóli Íslands hefur hlotið jafnlaunavottun og leggur áherslu á viðhald og þróun jafnlaunakerfisins.

Ráðningar

Ráða skal til starfa hæfa og metnaðarfulla einstaklinga. Meta skal allar umsóknir hlutlægt eftir menntun, fyrri störfum, reynslu og öðru sem skiptir máli.

Móttaka nýrra starfsmanna

Tekið skal vel á móti nýjum starfsmönnum. Nýir starfsmenn skulu fræddir bæði um almenna starfsemi háskólans og þann hluta starfseminnar sem lýtur sérstaklega að starfsviði þeirra. Næsti yfirmaður og mannauðs- og gæðastjóri bera ábyrgð á að tekið sé á móti nýjum starfsmönnum og hafa umsjón með þjálfun, kynningu fyrir samstarfsfólki og því að tryggja að vinnuaðstaða sé tilbúin þegar starfsmenn hefja störf.

Endurgjöf og formleg starfsmannasamtöl

Stjórnendum ber að leggja áherslu á að væntingar til starfsmanna um árangur í starfi séu skýrar og styðja við árangur starfsmanna með virkri endurgjöf. Virk endurgjöf felst meðal annars í að hvetja fólk í starfi og hrósa fyrir góðan árangur, sem og að benda á það sem betur má fara og styðja starfsfólk til góðs árangurs. Starfsmannasamtal er formlegt trúnaðarsamtal stjórnanda og starfsmanns um starf, frammistöðu, starfsþróun og framtíðarmarkmið. Meginmarkmið samtalsins er að auka árangur í starfi og styrkja samskipti og stuðning sem aftur eykur líkur á aukinni starfsánægju. Stjórnandi leiðir samtalið en gefur starfsmanni svigrúm til að tjá sig um starfið og umgjörð þess. Undirbúningur starfsmanns og stjórnanda er lykilforsenda þess að samtalið verði árangursríkt. Starfsmannasamtöl skulu fara fram einu sinni á ári og skal þeim að jafnaði lokið fyrir 1. nóvember ár hvert.

Trúnaður og heilindi

Starfsmenn skulu gæta fyllsta trúnaðar í meðferð allra persónuupplýsinga sem þeir meðhöndla og er bundnir þagnarskyldu þar af lútandi. Trúnaður þessi gildir áfram eftir starfslok. Starfsfólk skal sýna samstarfsfólki nemendum og vinnustaðnum virðingu og koma fram af heilindum bæði innan skólans sem út á við. Starfsmadur taki ekki að sér önnur störf nema að höfðu samráði og með samþykki yfirmanns í samræmi við 20. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Starfsþróun, fræðsla og símenntun

Landbúnaðarháskóli Íslands leggur höfuðáherslu á kennslu, rannsóknir og nýsköpun og að starfsmenn viðhaldi góðri þjálfun, menntun og þekkingu á sínum sérsviðum. Starfsþróun er sameiginlegt verkefni allra starfsmanna og felst í því að styrkja og auka þekkingu, hæfni og færni. Starfsþróun á sér t.d. stað þegar starfsmenn taka þátt í markvissri sí- og endurmenntun, með aukinni ábyrgð í starfi, með þátttöku í ráðstefnum, þróun kennsluefnis eða kennsluaðferða, verkefnum og rannsóknum auk þátttöku í starfstengdum fagfélögum sem og við lestur og skrif faggreina og bóka.

Starfslok

Starfsmenn skulu eiga kost á sveigjanlegum starfslokum við lok starfsævi eftir því sem aðstæður leyfa. Starfslokaviðtal skal eiga stað þegar fastráðinn starfsmaður lætur af störfum. Uppsagnir skulu vera skriflegar með þeim fyrirvara sem lög og kjarasamningar kveða á um. Þó getur starfsmaður samið um lengd uppsagnarfrests og tilhögun uppsagnar.

Akademískt frelsi

Landbúnaðarháskóli Íslands stendur vörð um akademískt frelsi samanber yfirlýsingu rektora íslenskra háskóla frá 15. júní 2005. [yfirlysinghaskola/5.06.2005.pdf \(lbhi.is\)](https://www.lbhi.is/yfirlysinghaskola/5.06.2005.pdf)

Mannauðsstefna Landbúnaðarháskóla Íslands tekur til allra starfsmanna skólans. Stjórnendur bera ábyrgð á því að mannauðsstefnunni sé framfylgt, en mannauðs- og gæðastjóri fylgist með framkvæmd hennar. Mannauðsstefnan er endurskoðuð eins og þörf krefur.

Samþykkt af háskólaráði 23. janúar 2023.